

AUGLÝSING

um umferð í Hornafirði.

Samkvæmt heimild í 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987 og að fengnum tillögum bæjarstjórnar Hornafjarðar eru hér með settar eftirfarandi reglur um umferð í Hornafirði, sbr. og auglýsingu um hámarkshraða á þjóðvegum nr. 250/1987.

I. KAFLI

Aðalbrautarréttur.

A. Aðalbrautir:

Eftirtaldir vegir og götur skulu vera aðalbrautir:

1. Hafnarbraut frá Dalbraut að Víkurbraut við hafnarsvæði.

B. Stöðvunarskylda:

Á eftirtöldum götum skal vera stöðvunarskylda:

1. Kirkjubraut, sunnan megin við Vesturbraut.
2. Svalbarði við Hafnarbraut.
3. Skólalbrú við Hafnarbraut.
4. Bogaslóð við Hafnarbraut.

C. Biðskylda:

Á eftirtöldum götum skal vera biðskylda:

1. Götu frá Ægisíðu við þjóðveg (Hafnarbraut).
2. Dalbraut við Hafnarbraut.
3. Götu frá Kúabítaga við Hafnarbraut.
4. Sunnubraut við Dalbraut.
5. Mánabraut við Dalbraut.
6. Smárabraut við Dalbraut.
7. Austurbraut við Dalbraut.
8. Tengigötu við Austurbraut.
9. Tengigötu við Smárabraut.
10. Smárabraut við Silfurbraut.
11. Heiðarbraut við Silfurbraut.
12. Hólabraut við Silfurbraut.
13. Hrísbraut við Silfurbraut.
14. Hvannabraut við Silfurbraut.
15. Við útakstur frá byggðasafni við Hafnarbraut.
16. Við útakstur frá tjaldsvæði við Hafnarbraut.
17. Vesturbraut við Hafnarbraut.
18. Vesturbraut 2, 4 og 6 (hliðargata) við Vesturbraut.
19. Kirkjubraut, norðan megin við Vesturbraut.
20. Silfurbraut við Vesturbraut.
21. Norðurbraut við Vesturbraut.
22. Vogabraut við Vesturbraut.
23. Götu frá leikskólanum Lönguhólum við Kirkjubraut (við nr. 43).
24. Götu frá kirkju við Kirkjubraut.
25. Kirkjubraut við Víkurbraut.

26. Hlíðartúni við Víkurbraut.
27. Miðtúni við Víkurbraut.
28. Tengigötu frá Hlíðartúni við Hafnarbraut.
29. Brautarholti við Hafnarbraut.
30. Víkurbraut við Hafnarbraut (við Fiskhól).
31. Fiskhól við Víkurbraut.
32. Júllatúni við Kirkjubraut.
33. Hagatúni við Kirkjubraut.
34. Miðtúni við Kirkjubraut.
35. Kirkjubraut við Hafnarbraut.
36. Kirkjubraut (er komið er frá Hafnarbraut) við tengingu Kirkjubrautar og Sandbakka-vegs.
37. Sandbakka við Sandbakkaveg.
38. Sandbakkavegi 2, 4 og 6 (hliðargata) við Sandbakkaveg.
39. Höfðavegi við tengingu Ránarslóðar og Sandbakkavegs.
40. Höfðavegi við Hafnarbraut.
41. Tjarnarbrú við Hafnarbraut.
42. Garðsbrún við Bogaslóð.
43. Ránarslóð við Óslandsveg.
44. Hafnarbraut við Víkurbraut (við Hafnarvog).
45. Öllum hliðargötum við Óslandsveg.
46. Tengigötu milli Álaugarvegjar og Krosseyjarvegjar (Skinney hf.) við Krosseyjarveg og Álaugarveg.
47. Götu austan við fiskiðjuver Borgeyjar hf. við Krosseyjarveg.
48. Krosseyjarvegi við Sæbraut.
49. Heppuvegi við tengigötu milli Álaugarvegjar og Krosseyjarvegjar (Skinney hf.).
50. Heppuvegi við Víkurbraut.
51. Víkurbraut, sunnan megin við Álaugarveg.
52. Fákaleiru við Víkurbraut og Álaleiru.
53. Bugðuleiru við Víkurbraut og Álaleiru.
54. Álaleiru 1, 3 og 5 við Bugðuleiru og Álaleiru.
55. Álaleiru við Álaugarveg.
56. Sæbraut við Álaugarveg.

Nesjahverfi:

1. Hæðargarði við veg að Meðalfelli.
2. Hraunhól við veg að Meðalfelli.
3. Við útakstur frá Nesjaskóla við þjóðveg.
4. Við veg frá Stekkhól við þjóðveg.
5. Frá verslun og bensínafgreiðslu í Nesjum.

II. KAFLI

Stöðvun og lagning ökutækja.

A. *Bannað að stöðva ökutæki:*

Á eftirtöldum stöðum er bannað að stöðva ökutæki:

1. Hafnarbraut milli Brautarholts og Víkurbrautar (Fiskhólssund).
2. Kirkjubraut vestan megin, milli Vesturbrautar og Víkurbrautar.

B. Bannað að leggja öllum ökutækjum:

Á eftirtöldum stöðum er bannað að leggja ökutækjum:

1. Hafnarbraut vestan megin, frá mótum Víkurbrautar (við Fiskhól) til endamarka Hafnarbrautar við hafnarsvæði.
2. Svalbarði, austan megin.
3. Á hafnarsvæði utan merktra bifreiðastæða.

C. Bannað að leggja stórum ökutækjum:

1. Við götur þar sem er sérstaklega merkt, að stór ökutæki (stærri en 2,8 t) mega ekki leggja.

III. KAFLI**Einstefnuakstur.**

Á eftirtöldum götum skal vera einstefnuakstur:

1. Frá Svalbarði 1 að Tjarnarbrú.

IV. KAFLI**Gangbrautir og hraðahindranir.**

Á eftirtöldum stöðum skulu vera gangbrautir:

1. Hafnarbraut við hús nr. 30 og pósthús.
2. Hafnarbraut við hús nr. 16 og sundlaug.
3. Hafnarbraut milli bókasafns/sparisjóðs og apóteks.
4. Hafnarbraut við tjaldsvæði/gæsluvöll.
5. Víkurbraut milli Olís og Ásbjörns rakara.
6. Víkurbraut milli Heppuskóla og skólagarða.
7. Kirkjubraut móts við hús nr. 43 og hús nr. 48.
8. Vesturbraut milli Verslunarinnar 10-10 og Silfurbrautar 1.
9. Vesturbraut milli Norðurbrautar 5 og 7.

Á eftirtöldum stöðum skulu vera gangbrautir og hraðahindranir:

1. Hafnarbraut við hús nr. 43 gegnt spennistöð.
2. Hafnarbraut við Sindrabæ austan Höfðavegar.
3. Silfurbraut milli Hólabrautar og Hríbrautar.
4. Smárabraut við hús nr. 3 og 4, og við hús nr. 14 og 15.
5. Kirkjubraut við hús nr. 5.
6. Miðtún á móts við leikvöll.
7. Hæðargarði.

V. KAFLI**Viðvaranir.****A. Börn:**

Á eftirtöldum stöðum skal vera viðvörðun um börn:

1. Svalbarði, áður en komið er að Hafnarskóla.
2. Víkurbraut, áður en komið er að Heppuskóla (beggja vegna).
3. Miðtún, áður en komið er að leikvelli (beggja vegna).
4. Á þjóðvegi við Nesjaskóla.

B. Hættuleg beygja:

Á eftirtöldum stöðum skal vera viðvörunarmerki um hættulega beygju framundan:

1. Áður en komið er að krappri beygju við Ránarslóð 14 og 16, viðvörun skal vera úr báðum áttum.

VI. KAFLI**Bann við tiltekinni umferð.**

1. Allur akstur fjórhjóla, vélsleða (torfærutækja) er bannaður í þéttbýli Hornafjarðar.
2. Allur akstur utan vega án brýnnar nauðsynjar er bannaður.
3. Framúrakstur er bannaður á Hafnarbraut frá Brautarholti að Víkurbraut við hafnarsvæði.
4. Bannað að beygja til vinstri frá Svalbarði við Hafnarbraut.

VII. KAFLI**Ökuhraði.**

Hámarkshraði ökutækja innan marka Hafnar er eftirfarandi:

1. Á þjóðvegi frá pípuhliði að Dalbraut (á móts við mjólkurstöð) 60 km/klst.
2. Á öllum öðrum götum og vegum 45 km/klst.

Hámarkshraði ökutækja í þéttbýli í Nesjum er eftirfarandi:

1. Á þjóðvegi við Nesjaskóla, Mánagarð og verslun í Nesjum 50 km/klst.
2. Á húsagötum í Nesjum 45 km/klst.

Annars staðar á þjóðvegi er hámarkshraði ökutækja 90 km/klst.

VIII. KAFLI**Umferðarmerki.**

Við götur og vegi og á þeim, skulu vera umferðarmerki og umferðarmerkingar, til þess að gefa glögglega til kynna þær sérreglur um umferð sem auglýsing þessi tekur til. Ökumönnum og öðrum vegfarendum ber að fara nákvæmlega eftir þessum merkjum og öðrum þeim leiðbeiningum sem ástæða þykir til að hafa.

IX. KAFLI**Gildistaka og fleira.**

Reglur þessar sem settar eru samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, sbr. auglýsingu nr. 250/1987 um hámarkshraða á þjóðvegum, öðlast þegar gildi.

Úr gildi falla eldri auglýsingar um umferð, svo og allar reglur um umferð í Hornafirði, er kunna að hafa verið settar og brjóta í bága við reglur þessarar auglýsingar, þ.m.t. ákvæði 67. gr. lögreglusamþykktar fyrir Austur-Skaftafellssýslu nr. 76/1969 um 35 km almennan hámarkshraða í bænum.

Sýslumaðurinn á Höfn í Hornafirði, 6. júlí 1995.

Páll Björnsson.